

## FUNDARBOÐ

### 277. fundur Sveitarstjórnar Borgarbyggðar verður haldinn Hjálmakletti, miðvikudaginn 13. maí 2026 og hefst kl. 16:00

#### Dagskrá:

##### Almenn mál

**1. 2102062 - Skýrsla sveitarstjóra**

Sveitarstjóri flytur skýrslu sveitarstjóra

**2. 2601124 - Viðauki við fjárhagsáætlun Borgarbyggðar 2026**

Lagður fram viðauki IV við fjárhagsáætlun Borgarbyggðar 2026 í samræmi við eftirfarandi afgreiðslu fundar byggðarráðs nr. 743: "Byggðarráð samþykkir að vísa drögum að viðauka IV við framkvæmdaáætlun til sveitarstjórnar og til umsagnar í sveitarstjórn Skorradalshreppi. Hrein áhrif á framkvæmdaáætlun er engin en breyting er innan liða þar sem liður vegna Slökkvistöðvar í Borgarnesi lækkar úr 60 m.kr. í 33 m.kr. og á móti skapast skapað jafnhætt svigrúm samtals innan liða við Íþróttahús-Parkethús í Borgarnesi og hækkunar á lið við aðkomuveg fjölnota íþróttahúss - knatthúss."

**3. 2603329 - Ársreikningur Borgarbyggðar 2025**

Ársreikningur Borgarbyggðar fyrir árið 2025 tekinn til síðar umræðu í samræmi við afgreiðslu fundar sveitarstjórnar nr. 276. Einnig lögð fram sundurliðunarbók og endurskoðunarskýrsla.

**4. 2205140 - Kosningar í ráð og nefndir 2022-2026**

Í ljósi hæfisreglna þurfti að gera breytingar á fulltrúum undirkjörstjórna vegna sveitarstjórnarkosninga 2026 en nýjir fulltrúar voru skipaðir inn á fundi sveitarstjórnar nr 276.

Vegna undirkjörstjórnar Lindartungukjördeildar er áréttað að Stefanía Hulda Þórðardóttir sem skipuð var á fundi sveitarstjórnar nr. 276 er skipuð inn sem aðalmaður í undirkjörstjórnina.

Vegna undirkjörstjórnar Kleppjárnreykjakjördeildar er áréttað að Fjölur Jónsson sem skipaður var á fundi sveitarstjórnar nr. 276 er skipaður inn sem varamaður í undirkjörstjórnina.

Í undirkjörstjórn Skorradalskjördeildar eru skipaðir eftirfarandi fulltrúa:

Sem aðalmenn: Davíð Pétursson, Ástríður Guðmundsdóttir og Sigrún Guttormsdóttir - Þormar

Sem varamenn þeirra: Gunnar Rögnvaldsson, Óli Rúnar Ástþórsson og Karolina Hulda

Guðmundsdóttir

Frekari upplýsingar um skipun undirkjördeilda má finna á heimasíðum sveitarfélaganna Borgarbyggðar og Skorradalhrepps.

**5. 2201148 - Breytingar á barnaverndarlögum og uppbyggingu barnaverndarþjónustu sveitafélaga**

Afgreiðsla frá fundi sveitarstjórnar nr. 276:

Afgreiðsla frá fundi velferðarnefndar nr. 170: " Lagt fram drög að viðauka við samþykktir sveitarfélagsins vegna fullnaðarafgreiðslu mála hjá Barnaverndarþjónustu Vesturlands samkvæmt 3. mgr. 12. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002.

Velferðarnefnd samþykkir samhljóða viðauka við samþykktir sveitarfélagsins og vísar til staðfestingar sveitastjórnar."

Drög að viðauka við samþykkt um stjórn Borgarbyggðar vegna fullnaðarafgreiðslu mála hjá Barnaverndarþjónustu Vesturlands samkvæmt 3. mgr. 12. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002 lagðar fram til fyrri umræðu.

Sveitarstjórn samþykkir framkomna breytingu á samþykktum fyrir sitt leiti, felur sveitarstjóra að fullvinna þær og vísar til síðari umræðu í sveitarstjórn.

Samþykkt samhljóða

**6. 2501076 - Fjarskiptasamband í Borgarbyggð**

Í framhaldi af lokunum á 3G og 2G farsímakerfum hafa íbúar og aðrir vegfarendur um Borgarbyggð fundið fyrir verulegri skerðingu á fjarskiptasambandi. Málið lagt fyrir sveitarstjórn til umræðu.

**7. 2604243 - Breyting á landnotkun - Hvítárvellir (133886) - Efnistökusvæði**

Afgreiðsla 86. fundar skipulags- og byggingarnefndar:

"Skipulags- og byggingarnefnd leggur til við sveitarstjórn að samþykkja framlagða lýsingu til auglýsingar fyrir breytingu á aðalskipulagi Borgarbyggðar 2025-2037 skv. 30. gr. skipulagslaga 123/2010. Samþykkt samhljóða."

**8. 2512076 - Umsókn um deiliskipulag - Sveinukot**

Afgreiðsla 86. fundar skipulags- og byggingarnefndar:

"Skipulags- og byggingarnefnd leggur til við sveitarstjórn að samþykkja framlagt deiliskipulag skv. 42. gr. skipulagslaga 123/2010 með þeim breytingum sem gerðar voru með tilliti til umsagna og athugasemda sem bárust á kynningartíma en breyta ekki auglýstri tillögu í grundvallaratriðum. Samþykkt samhljóða."

**9. 2503334 - Umsókn um deiliskipulag - Baula**

Afgreiðsla 86. fundar skipulags- og byggingarnefndar: "Skipulags- og byggingarnefnd leggur til við sveitarstjórn að samþykkja framlagt deiliskipulag skv. 42. gr. skipulagslaga 123/2010 með þeim breytingum sem gerðar voru með tilliti til umsagna og athugasemda

sem bærust á kynningartíma en breyta ekki auglýstri tillögu í grundvallaratriðum. Samþykkt samhljóða."

**10. 2603048 - Bjargsland II - Breyting á deiliskipulagi**

Afgreiðsla 86. fundar skipulags- og byggingarnefndar: "Skipulags- og byggingarnefnd leggur til við sveitarstjórn í ljósi athugasemda sem bærust á grenndarkynningartíma að breyting á deiliskipulagi Bjargslands II, svæði 1 verði sett í málsmeðferð skv. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Skipulags- og byggingarnefnd felur skipulagsfulltrúa að svara framkomnum athugasemdum. Samþykkt samhljóða."

**11. 2603342 - Umsagnir - skipulagsmál**

Afgreiðsla 86. fundar skipulags- og byggingarnefndar:

"Skipulags- og byggingarnefnd telur að framkvæmdin sé ekki háð mati á umhverfisáhrifum og felur skipulagsfulltrúa að leggja umsögn fyrir sveitarstjórn til afgreiðslu. Samþykkt samhljóða."

**12. 1810002 - Félagslegt leiguhúsnaði**

Á fundi byggðarráðs nr. 743 var samþykkt samhljóða eftirfarandi afgreiðsla: "Tillagan er í samræmi nýja stefnu Borgarbyggðar um félagslegt leiguhúsnaði sem staðfest var á fundi sveitarstjórnar nr. 274. Byggðarráð samþykkir fyrir sitt leyti og leggur til við sveitarstjórn að tvær íbúðir við Hrafnaklett 4 verði settar á sölu. Byggðarráð felur sveitarstjóra að halda áfram samtali við óhagnaðardröfn leigufélög um félagslegt leiguhúsnaði og jafnframt að halda áfram að rýna hvort tilefni sé til að gera frekari breytingar á regluverki sveitarfélagsins til að greiða götu leigutaka að húsnaði sem fellur betur að þeirra þörfum."

**13. 2604046 - Beiðni um beitarhólf á leigu**

Afgreiðsla frá fundi umhverfis- og landbúnaðarnefndar nr. 73: "Umhverfis- og landbúnaðarnefnd samþykkti fyrir sitt leyti samning við Halldór Sigurðsson um leigu á beitarsvæði og vísar málinu til endanlegar afgreiðslu í sveitarstjórn."

**14. 2604042 - Beitarssamningur um Hamarsland 2026-2030**

Afgreiðsla frá fundi umhverfis- og landbúnaðarnefndar nr. 73: "Umhverfis- og landbúnaðarnefnd samþykkti fyrir sitt leyti samning við Hestamannafélagið Borgfirðing um leigu á beitarssvæðum og vísar málinu til endanlegar afgreiðslu í sveitarstjórn."

**15. 2405162 - Samskipti við Veitur vegna vatnsveitu á Varmalandi**

Afgreiðsla fundar umhverfis- og landbúnaðarnefndar nr. 73: "Umhverfis- og landbúnaðarnefnd leggur til við sveitastjórn að samþykkja verkáætlun Verkís. Þar er gert ráð fyrir að farið verði í mat á endurnýjun, mælingar og mögulega vatnsöflun fyrir Vatnsveitu Varmalands."

**16. 2605015 - Val á listamanneskju Borgarbyggðar 2026**

Á fundi byggðarráðs Borgarbyggðar nr. 743 var samþykkt eftirfarandi tillaga: "Lögð fram tillaga að fyrirkomulagi við val á Listamanneskju Borgarbyggðar 2026. Í ljósi sveitarstjórnarkosninga þá leggur byggðarráð til við sveitarstjórn að skipuð verði þriggja

manna valnefnd sem vinnur úr tillögum og velur Listamanneskju Borgarbyggðar 2026."

**17. 2505246 - Þarfagreining v.parkethús í Borgarnesi**

Afgreiðsla samþykkt samhljóða frá fundi byggðarráðs nr. 743: "Byggðarráð leggur til við sveitarstjórn að fara í lokað tveggja þrepa lokað hönnunarútboð með forvali ásamt því að láta framkvæma jarðvegskönnun á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði."

**18. 2510327 - Brattagata - Gatnaframkvæmdir**

Eftirfarandi afgreiðsla var samþykkt samhljóða á fundi byggðarráðs nr. 743: "Byggðarráð samþykkir að leggja til við sveitarstjórn að láta fara fram útboð við fyrsta áfanga endurbyggingar Bröttugötu í Borgarnesi á grundvelli framlagðra útboðsgagna. Framkvæmdin fari fram sumarið 2026. Kostnaðaráætlun er innan fjárheimilda ársins."

**19. 2510364 - Útboð á hýsingu, kerfisrekstri og notendabjónustu tæknilegra innviða**

Afgreiðsla frá fundi byggðarráðs nr. 741: "Farið yfir val boða á grundvelli þegar framlagðrar opunarskýrslu. Búið er að velja tilboð Advania ehf. kt. 590269-7199.

Ákveðið að taka tilboði Advania kt. 590269-7199 sem var metið hagkvæmast út frá valforsendum. Sveitarstjóra falið að vinna málið áfram og leggja fyrir sveitarstjórn.

Samþykkt samhljóða."

**20. 2603024 - Aðkomuvegur að fjölnotahúsi**

Afgreiðsla fundar byggðarráðs nr. 742: "Niðurstaða verðfyrirspurnar vegna gatnaframkvæmda við aðkomuveg.

Framlögð opunarskýrsla og byggðarráð leggur til að tilboð lægstbjóðanda verði valið að öllum skilyrðum uppfylltum.

Samþykkt samhljóða."

**21. 2311239 - Umsókn um lóð - stækkun við Engjaás 2-8-10**

Afgreiðsla frá fundi byggðarráðs nr. 273: "Lögð fram drög að samkomulagi um uppgjör gatnagerðargjalda vegna úthlutunar á stækkun lóðar við Steypustöðina við Engjaás. Sæmundur Óskarsson sat fundinn undir þessum dagskrárlið.

Byggðarráð samþykkir fyrir sitt leyti framlögð drög að samkomulagi við Steypustöðina um uppgjör gatnagerðargjalda vegna úthlutunar á stækkun lóðar við Steypustöðina við Engjaás í Borgarnesi, að teknu tilliti til breytinga sem samþykktar voru á fundinum. Sveitarstjóra falið að fullvinna samkomulag og leggja fyrir sveitarstjórn. Á lóðinni hyggst Steypustöðin auka verulega starfsemi sína á næstu árum. Þannig stendur til að stækka verksmiðju fyrirtækisins um 5.500 fermetra sem skapar að líkindum 35-40 störf í Borgarnesi.

Samþykkt samhljóða."

**22. 2204038 - Sala samkomuhússins við Þverárrétt**

Afgreiðsla frá fundi byggðarráðs nr. 743: "Framlagt afsal vegna sölu á Samkomuhúsinu

við Þverárrétt til Kvenfélags Þverárhliðar sbr. afgreiðslu funda byggðarráðs nr. 737 og 738.

Byggðarráð felur sveitarstjóra að undirrita með fyrirvara um staðfestingu sveitarstjórnar. Byggðarráð fagnar því að þessi áfangi sé nú í höfn og félagsheimilið sé nú komið í eigu Kvenfélags Þverárhliðar sem hefur haft umsjón með húsinu undanfarin ár. Byggðarráð vonast til að þetta skref verði til að efla nýtingu hússins og stuðla að vernd og viðhaldi þess samféluginu til heilla. Félagshimilið fer í góðar hendur þeirra sem hafi sinnt því af alúð í áratugi.

Samþykkt samhljóða."

### **23. 2603325 - Skýrsla um úthlutun til leikskóla**

Afgreiðsla fundar fræðslunefndar nr. 254:"Drög að reglum lagðar fyrir fræðslunefnd. Verklagsreglur um úthlutun til leikskóla.

Fræðslunefnd samþykkir framlagðar reglur um úthlutun fjármagns vegna stoðþjónustu í leikskólum Borgarbyggðar og verklagsreglur um úthlutun stöðugilda til leikskóla Borgarbyggðar.

Samþykkt samhljóða."

### **24. 2604249 - Aðalfundur Landskerfis bókasafna 2026**

Afgreiðsla fundar byggðarráðs nr. 742:"Framlagt fundarboð á aðalfund Landskerfis bókasafna sem fram fer 12. maí 2026.

Framlagt og byggðarráð felur Þórunni Kjartansdóttur forstöðumanni menningarmála að mæta á fundinn fyrir hönd sveitarfélagsins."

### **Fundargerð**

#### **25. 2604014F - Byggðarráð Borgarbyggðar - 741**

- 25.1 2510326 - Framlög frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga
- 25.2 2505246 - Þarfagreining v.parkethús í Borgarnesi
- 25.3 2212062 - Ugluklettur - Stækkun
- 25.4 2303105 - Fjölnota íþróttahús - Knatthús
- 25.5 2503353 - Göngustígar - Verðfyrirspurn
- 25.6 2412005 - Brákarey-Skipulagsmál
- 25.7 2603269 - Aðalfundur Orkuveitu Reykjavíkur 2026
- 25.8 2604119 - Aðalfundur Háskólans á Bifröst 2026
- 25.9 2604112 - Ársfundur Brákarhlíðar 2026
- 25.10 2201148 - Breytingar á barnaverndarlögum og uppbyggingu barnaverndarþjónustu sveitarfélaga
- 25.11 2510364 - Útboð á hýsingu, kerfisrekstri og notendaþjónustu tæknilegra innviða

#### **26. 2604022F - Byggðarráð Borgarbyggðar - 742**

- 26.1 2303105 - Fjölnota íþróttahús - Knatthús

- 26.2 2603024 - Aðkomuvegur að fjölnotahús
- 26.3 2505246 - Þarfagreining v.parkethús í Borgarnesi
- 26.4 2310255 - Endurbætur á miðálmu Grunnskólans í Borgarnesi
- 26.5 2109009 - Eignasjóður - félagslegar íbúðir
- 26.6 2303019 - Þinghamar - aðgengismál
- 26.7 2004149 - Egilsgata 11 - lóðamál
- 26.8 2601018 - Rekstur á tjaldsvæðinu í Borgarnesi
- 26.9 2604225 - Beiðni um hjólabraut neðan vatnstanks í Borgarnesi
- 26.10 2401059 - Mælaborð um rekstur Borgarbyggðar
- 26.11 2510326 - Framlög frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga
- 26.12 2512169 - Fundargerðir stjórnar um sameiningu Borgarbyggðar og Skorradalshrepps
- 26.13 2405162 - Samskipti við Veitur vegna vatnsveitu á Varmalandi
- 26.14 2604249 - Aðalfundur Landskerfis bókasafna 2026

#### **27. 2605004F - Byggðarráð Borgarbyggðar - 743**

- 27.1 2501058 - Skammtímadvöl fyrir fötluð börn og ungmenni
- 27.2 1810002 - Félagslegt leiguhúsnæði
- 27.3 2601124 - Viðauki við fjárhagsáætlun Borgarbyggðar 2026
- 27.4 2510327 - Brattagata - Gatnaframkvæmdir
- 27.5 2505246 - Þarfagreining v.parkethúss í Borgarnesi
- 27.6 2004149 - Egilsgata 11 - lóðamál
- 27.7 2502140 - Húsnæði fyrir slökkvilið á Hvanneyri
- 27.8 2112049 - Húsnæðismál slökkviliðs á Hvanneyri
- 27.9 2605016 - Safnahús og menningarmál 2026
- 27.10 2605015 - Val á listamanneskju Borgarbyggðar 2026
- 27.11 2311239 - Umsókn um lóð - stækkun við Engjaás 2-8-10
- 27.12 2204038 - Sala samkomuhússins við Þverárrétt
- 27.13 2604098 - Opnunartími íþróttamannvirkja í Borgarbyggð 2026
- 27.14 2412005 - Brákarey-Skipulagsmál
- 27.15 2303019 - Þinghamar - aðgengismál

#### **28. 2605001F - Skipulags- og byggingarnefnd Borgarbyggðar - 86**

- 28.1 2604243 - Breyting á landnotkun - Hvítárvellir (133886) - Efnistökusvæði
- 28.2 2512076 - Umsókn um deiliskipulag - Sveinukot
- 28.3 2503334 - Umsókn um deiliskipulag - Baula
- 28.4 2603048 - Bjargsland II - Breyting á deiliskipulagi
- 28.5 2603342 - Umsagnir - skipulagsmál
- 28.6 2605017 - Rekstrarleyfi í frístundabyggð
- 28.7 2604023F - Afgreiðslufundur skipulagsfulltrúa - 74

28.8 2604019F - Afgreiðslufundur byggingarfulltrúa - 258

**29. 2604026F - Umhverfis- og landbúnaðarnefnd - 73**

- 29.1 2604046 - Beiðni um beitarhólf á leigu
- 29.2 2604042 - Beitarsamningur um Hamarsland 2026-2030
- 29.3 2604247 - Bjarnhólar - aðgangsstýring
- 29.4 2602276 - Snjómokstur í Borgarnesi.
- 29.5 2604225 - Beiðni um hjólabraut neðan vatnstanks í Borgarnesi
- 29.6 2405162 - Samskipti við Veitur vegna vatnsveitu á Varmalandi

**30. 2604021F - Umsjónarnefnd fólkvangsins í Einkunnum - 95**

- 30.1 2604207 - Vinnudagur í Einkunnum 2026
- 30.2 2604208 - Beiðni Björgunarsveitarinnar Brák
- 30.3 2509204 - Umferðarmál og bílastæði
- 30.4 2604209 - Eldvarnir og eldvarnaráætlun í Einkunnum
- 30.5 2603252 - Önnur mál Umsjónarnefndar fólkvangsins í Einkunnum

**31. 2604027F - Fræðslunefnd Borgarbyggðar - 254**

- 31.1 2501033 - Skóladagatöl fyrir leik-, grunn- og listaskóla Borgarbyggðar
- 31.2 2604068 - Sveitarstjórnarkosningar 2026 og lýðræðisleg þátttaka barna
- 31.3 2603325 - Skýrsla um úthlutun til leikskóla
- 31.4 2602141 - Reglur um starfsemi frístundarheimila í Borgarbyggð

11.05.2026

Lilja Björg Ágústsdóttir, sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslu.